



9. fundur stjórnar Hestamannafélagsins Fáks 2025-2026

20. október 2025 kl. 17:00

Guðmundarstofa

Mættir: Hlíf Sturludóttir (HS), Ragnheiður Ásta Sigurðardóttir (RÁS), Vilfríður Fannberg Sæþórsdóttir (VFS), Ívar Hauksson (ÍH), Þormóður Skorri Steingrímsson (ÞSS), Hákon Leifsson (HL) og Einar Gíslason (EG).

Fjarverandi: Sigurður Elmar Birgisson (SEB)

1. Samþykkt fundargerðar síðasta fundar

Fundargerð var samþykkt samhljóða.

2. Fundir um mótahald

HS, EG og mótanefnd hafa fundað með LH og öðrum félögum á Höfuðborgarsvæðinu varðandi mótahald næstkomandi sumar. LH og Sörli vilja halda Íslandsmót fullorðinna og ungmenna helgina 20.-21. júní sem þýðir að Reykjavíkurmestaramót þarf að færast á fyrstu vikuna í júní og Landsmótsúrtaka Fáks hálfan mánuð fyrir það. Var það samþykkt af hálfu Fáks að prufa þetta fyrirkomulag næsta sumar.

3. Afreksknappar Fáks og Uppskeruhátíð

Lagður er fram listi yfir stigahæstu knapa Fáks 2025. Listinn er samþykktur samhljóða. Uppskeruhátíð ungmenna og fullorðinna fer fram 31. október í félagsheimilinu.

Fyrirhugað er að verðlauna börn og unglinga á jólagleði æskulýðsnefndar í byrjun desember.

VFS sat undir þessum lið fundarins.

4. Könnun um fræðslustarf

RÁS kynnti drög að spurningakönnun til að kanna hug félagsmanna til námskeiðahalds. Spurningakönnunin verður auglýst á heimasíðu félagsins og niðurstöður kynntar í desember.

5. Drög að tillögum öryggisnefndar

Tillögur öryggisnefndar eru kynntar fyrir stjórn. Margar og góðar hugmyndir sem vinna þarf áfram.

6. Stórsýning Fáks

Fyrirhugað er að halda Stórsýningu Fáks 21. mars og Dag reiðmennskunnar fyrr um daginn með breyttri mynd þetta árið ef Hólaskóli hefur hug á að koma.

7. Almennadalur

HS segir fátt í fréttum varðandi Almennadal eins og stendur. Hún náði loks í fulltrúa Reykjavíkurborgar sem er að skoða byggingarleyfi Almananaadals 9 og sagðist ekki búin að fá fullnægjandi upplýsingar. Hún ætlar að ganga frekar eftir málinu og ætlar að vera í sambandi í vikunni.

HS og EG sendu byggingarréttarhöfum Almennadals 9 ábyrgðarbréf sem innihélt afturköllun á undirritun undir eignaskiptayfirlýsingu sem undirrituð var vegna Almennadals 9. Einnig skrifuðu undir yfirlýsinguna þrír hesthúsaeigendur í Almennadal sem einnig vildu draga undirritanir sínar til baka.

8. Brekknaás 9

Leigjandi í Brekknaási 9 hefur sagt upp leigunni. EG er falið að auglýsa húsnæðið til leigu.

9. Önnur mál

- a. **Uppskeruhátíð LH** - HS leggur til að stjórn fari saman á uppskeruhátíð LH þann 8 nóvember.
- b. **Taðmál** - Erindi hefur verið sent til heilbrigðisnefndar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og væntingar standa til þess að það verði tekið fyrir á næsta fundi nefndarinnar.
- c. **Viðhald reiðvega**: Farið yfir viðhaldsverkefni sem fara á í til að nýta reiðvegafé Vegagerðarinnar.

Fleira var ekki rætt.

Fundi var slitið 18:55.